

Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgrata 7
101 Reykjavík

Skorradalur, 26. september 2025

Efni: Kæra vegna framkvæmdar og lögmæti kosninga um sameiningu sveitafélagana Borgarbyggðar og Skorradalshrepps sem fram fór dagana 5. – 20. september sl. Einnig er kærð framganga oddvita og meirihluta sveitarstjórnar við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, siðareglur og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Skorradalshreppur.

Undirritaðir verða, vegna starfa sinna og ábyrgðar sem sveitastjórnarmenn í Skorradalshreppi, að fá úr því skorið hvort farið hafi verið eftir settum reglum og lögum í starfi samstarfsnefndar, kjörstjórnar og sveitastjórnar beggja sveitafélaga er varðar framkvæmd og undirbúning nýliðinnar íbúakosninga þar sem niðurstöður voru birtar 20. september 2025. Kæra þessi er lögð fram til eftirbreytni vegna framtíðar viðræðna og kosninga samkvæmt sveitastjórnarlögum og reglugerðar um íbúakosningar nr. 922/2023. Er því kærð lögmæti sameiningarkosningar sbr. 8 m.gr. 133 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011

Eðli málsins vegna verður hér rakin sú atburðarrás sem leiddi til þess að við teljum okkur nauðbeygða að leggja fram fyrrgreinda kæru.

1. Þann 26. júlí 2024 var lögð fram kæra til innviðaráðuneytisins um hæfi hreppsnefndarmanns ásamt ógildingu á afgreiðslu hreppsnefndar (Skorradalshrepps) að hefja formlegar viðræður um sameiningu sveitafélaga Skorradalshrepps og Borgarbyggðar. Í afgreiðslu IVR er málinu vísað frá þar sem talið var að ekki lægi fyrir stjórnvaldsákvörðun. Við gagnrýnum þessa ákvörðun og teljum að enn sé ekki búið að skera um hæfi varaoddvita sem var og er sviðsstjóri Skipulags- og framkvæmdarsviðs Borgarbyggðar. Starf hennar heyrir beint undir sveitastjóra Borgarbyggðar og því teljum að um ræðir verulega

hagsmunaárekstra. Borgarbyggð hefur m.a. lagt í stórar framkvæmdir á þessu kjörtímabili sem tengist því að fullnýta skuldajöfnunarframlag, ef til sameiningar kæmi. Ljóst er að yfirmaður framkvæmdasviðs Borgarbyggðar gæti töluverðra hagsmuna af starfi sínu ef yrði af sameiningu sveitafélagana. Við óskum eftir að IVR endurskoði hvort sú ákvörðun að fara í formlegar sameiningarviðræður af hálfu Skh. við Brgb sé lögmæt. Ákvörðun hreppsnefndar var kærð af undirrituðum á sínum tíma innan tímamarka til kæru. Vísun við þarna enn og aftur til 2. mgr. 17 gr. Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Skorradalshrepps.

2. Heimildir samstarfsnefndarinnar:

Í sveitastjórnarlögum nr. 138/2011 segir í 1.mgr 119. gr. að *skipa skuli samstarfsnefnd ef sveitastjórnir ákveða að kanna möguleika á sameiningu sveitafélaga*. Í 2.mgr 119. gr. er kveðið á að samstarfsnefnd eigi að skila álitinu um sameiningu sveitafélaga til sveitastjórnar og fara skuli fram umræða án atkvæðagreiðslu.

Lagagreinin kveður ekki um önnur verkefni eða heimildir samstarfsnefndarinnar án heimildar frá sveitastjórn. Með því að skila álitinu til sveitastjórnar lýkur starfi samstarfsnefndar s.kv. fyrrgreindum sveitastjórnarlögum nema sveitastjórnir veiti samstarfsnefndinni áframhaldandi heimild með svo til gerði samþykkt í sveitarstjórn. Samstarfsnefndin fékk ekki fyrrgreinda heimild en starfaði engu að síður áfram við framkvæmd íbúakosninga. Nefndin lagði fram kosningadaga, tímalengd kosninga, aldursviðmið til kjörgengis, gerð kjörseðils og svo framvegis. Samkvæmt lögum og reglugerð nr. 922/2023 um íbúakosningar þá er það á vegum sveitastjórnar að ræða og ákveða fyrrgreind atriði. Má sérstaklega vísa til 5. mgr. 119. gr. laganna sem kveður á um að það sé sveitarstjórnin sem lætur gera atkvæðisseðla og er engin vafi undiropin með það.

Það samrýmist eðli stjórnskipunar sveitarfélagsins að sveitarstjórn fari með ákvörðunarvald þess, einkum í mikilvægum málum á borð við mögulega sameiningu við annað sveitarfélag. Samstarfsnefndinni er, eins og áður segir, markað lögbundið afmarkað hlutverk og ber henni að fylgja því. Eftir að umrædd samstarfsnefnd skilar álitinu þá hefur hún

eðli málsins samkvæmt tekið afstöðu í málinu, þ.e. að sameining sé heppilegasta úrræðið að þeirra mati. Þykir það því skjóta skökku við að nefndin fái að starfa og sýsla með málefni sem heyra ekki undir hana og þá sérstaklega mikilvæg málefni sem geta haft bein áhrif á úrslit kosninganna, líkt og ákvörðun um kosningadaga, tímalengd kosninga, aldursviðmið til kjörgengis, gerð kjörseðils og svo framvegis.

Til þess að samstarfnefndin fái fullnægjandi og lögformlegt vald til starfa þarf sveitastjórn að ræða það sín á milli og til þess þarf tvær umræður. Á sveitastjórnarfundum sveitafélagana, þann 13. júní 2024 hjá Borgarbyggð og þann 4. júlí 2024 hjá Skorradalshreppi kom ekki fram að um fyrri umræðu væri að ræða og seinni umræða þyrfti svo að fara fram síðar, því forsvaraðilar voru ekki kunnugir framkvæmdarákvæðum. Á sveitarstjórnarfundum Skh. 4. júlí 2024 lýsir minnihluti hreppsnefndar yfir vanhæfi varaoddvita Skh. vegna starfs hennar sem sviðsstjóri Skipulags- og framkvæmdasviðs Borgarbyggðar.

Fljótlega eftir fyrrgreinda fundi er komist að því að það þurfi að fara fram tvær umræður og er þá lögð fram tillaga til seinni umræðu. Þann 9. október 2024 er lögð fram umræða hjá Borgarbyggð og í Skorradalshreppi 1. ágúst 2024. Á þeim fundi var aftur vísað í sömu hæfismál og við afgreiðslu tillögunnar 4. júlí 2024. Vegna þess að ekki kom fram í fundargerðum sveitafélaganna að tillögur voru lagðar fram til fyrri og seinni umræðu er ljóst að ljóst að bókanir og upplýsingar til íbúa sveitafélaganna í fundargerðum stangast á við lið 4 í 18. gr. sveitarstjórnarlaga.

Samstarfsnefndin tók til starfa þann 26. ágúst 2024 og næsti fundur eftir það var 23. september 2024. Það er svo á fundi 28. október 2024 að samstarfsnefndin bókar í fundargerð að hún hafi ekki fullnægjandi heimildir til starfa. Þessa bókun má sjá í fundargerðum 1 og 2 en hvergi er þar farið yfir hverjir vankantar eru á heimildum til starfa.

Oddviti Skorradalshrepps sem var fulltrúi í samstarfsnefndinni viðurkenndi í heyrandi hljóði á sveitarstjórnarfundum þann 13. ágúst s.l. að hann hafi aldrei undirritað, handvirkt né rafrænt, neina fundargerð samstarfsnefndarinnar. Að því gefnu teljum við að allar ákvarðanir og afgreiðslur álita samstarfsnefndarinnar séu óstaðfestar eins og ætti að

vera í samræmi við Samþykktir beggja sveitarfélaganna um stjórn þeirra og í samræmi við m.a. i. Lið 3. gr. í auglýsingu um leiðbeiningar um ritun fundargerðar sveitarstjórna nr. 1181/2021, en í 2. gr. sömu auglýsingar er kveðið á að allir nefndir sveitarfélaganna eiga að fara eftir auglýsingunni. Ekkert kemur fram í lögum um skipun samstarfsnefndarinnar að hún geti verið sjálfstæð nefnd, sem þurfi ekki að fylgja samþykktum um stjórn sveitarfélaganna.

Í tíma- og verkáætlun samstarfsnefndarinnar sem lögð var fram 28. október 2024 var staðhæft að haft yrði samráð við sveitastjórnir við vinnslu að álitu um sameiningarviðræður. Slíkt samráð fór aldrei fram. Þegar endanleg álit samstarfsnefndarinnar var lagt fram þá höfðu kjörnir fulltrúar í sveitastjórnnum ekki vald til að gera athugasemdir né krefjast breytinga á álitinu. Óskað er eftir að IVR fari yfir hvort stjórnsýslan standist þessi vinnubrögð. Það skorti ýmis gögn og upplýsingar sem hefðu gefið sameiningunni meira gildi. Vísað er í samþykktir um stjórn beggja sveitarfélaganna um verkefni og skyldur undirnefnda og frágang á fundargerðum til kynningar eða staðfestingar í sveitarstjórn. Við teljum það mikilvægt að IVR fari yfir það hvort stjórnsýsla er varðar samstarfsnefndina standist lög, reglugerðir og samþykktir um stjórn sveitarfélaganna.

3. Framkvæmd og undirbúningur kosninganna.

Hvorki sveitarstjórn Borgarbyggðar né Skorradalshrepps gáfu sameiginlegri kjörstjórn, sem skipuð var skv. 5.gr reglugerðar um íbúakosningar, heimild til að ákveða kjörstaði, opnunartíma kjörstaða né heimild til að tilkynna væntanlegar kosningar til Þjóðskrár sbr. fyrirmæla í bæði sveitastjórnarlögum og reglugerðar um íbúakosningar. Sveitastjórnarmaður Skorradalshrepps óskaði eftir upplýsingum og skýringum við framkvæmd og ferla við íbúakosningar frá IVR sem bárust svo viðkomandi 29.júlí 2025. Þessum leiðbeiningum frá IVR var dreift til sveitarstjórnanna og til samstarfsnefndarinnar. Hluteigandi aðilar fóru ekki eftir öllum leiðbeiningum og skýringum IVR vegna reglugerðarinnar. (Þessi samskipti fylgja með kærinni)

Ekki er að finna í bókunum, hvorki hjá sveitastjórn Skorradalshrepps né Borgarbyggðar, að sameiginlegri kjörstjórn eða oddvita hennar var gefin formleg heimild til að tilkynna kosninguna til Þjóðskrár. Texti að tilkynningunni um kosningarnar voru ekki lagðar fram til formlegrar afgreiðslu hjá sveitastjórnunum. Við teljum þessi vinnubrögð ekki uppfylla a lið 3gr. sveitastjórnalaganna, en þar segir að sveitafélag eigi að tilkynna Þjóðskrá um kosningar. Sú tilkynning fór hvorki frá Skorradalshreppi né Borgarbyggð.

Í 3.mgr. 119 gr. sveitastjórnarlaga segir: *Að lokinni umræðu sveitarstjórna skal fara fram atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélaganna um sameininguna. Viðkomandi sveitarstjórnir ákveða sameiginlega hvenær atkvæðagreiðsla fer fram og **skal kosið sama dag** í öllum viðkomandi sveitarfélögum.* Samkvæmt orðalagi ákvæðisins felur það í sér „dag“ – sem er eintala. Það er því ekki lagastoð fyrir því að kosningin fari fram yfir nokkurra daga tímabil. Í 5. m.gr. 119 gr. segir nefnilega: *Við framkvæmd atkvæðagreiðslu samkvæmt þessari grein skal **að öðru leyti** farið eftir ákvæðum 133 gr.* Ljóst er að reglugerð um íbúakosningar getur ekki trompað lagafyrirmæli í 3. m.gr. 119 gr. sveitarstjórnarlaga, enda ganga lagafyrirmæli lengra en fyrirmæli í reglugerð. Ljóst er að sameiningarkosning er endanleg kosning líkt og kosningar eru til sveitarstjórnar og óeðlilegt að hafa möguleika á því að það sé hægt sé fylgjast með í marga daga hvernig kosning gangi og þannig hægt jafnvel að ýta við kjósendum að mæta eftir því hvernig landið liggur. Annað má segja um kosningar sem sveitarstjórn sé óbundinn af, þá er frekar hægt að hvetja kjósendur að mæta eða taka þátt ef þátttaka sé ekki nógu góð.

Í lið a lið 17. gr reglugerðar um íbúakosningar og í 4.mgr. 119. gr. Sveitastjórnarlaga segir: *Samstarfsnefndin eða viðkomandi sveitastjórnir skuli kynna íbúum sveitafélaganna þá tillögu sem greiða skal atkvæði um og helstu forsendur hennar með a.m.k. (20 daga) fyrirvara svo sem með **kynningarfundum** og/eða með dreifibréfum. Tillagan skal innan sama frests auglýst opinberlega í Lögbirtingablaði og í fjölmiðlum.* Ekki var alveg farið eftir þessari reglugerð. Orðalag ákvæðisins felur í sér kynningarfundum sem er fleirtala, enda hefur löggjafinn aldrei geta séð

fyrir sér að aðeins eitt sveitarfélag sé að taka í sameiningu. Hljóta að vera alltaf af lágmarki tvö sveitarfélag og a.m.k. kynningarfundur í sitthvoru sveitarfélaginu.

Þrátt fyrir tillögu í sveitastjórn Skh. að haldinn yrði kynningarfundur í sitthvoru sveitafélaginu, var haldinn einn kynningarfundur í Borgarnesi fyrir íbúa beggja sveitarfélaga. Kynningarfundurinn var haldinn þann 27. ágúst sl., eða níu dögum fyrir kosningar. Sama dag, þann 27. ágúst er jafnframt tilkynnt á vefsíðu samstarfsnefndarinnar að dreifibréf með álit samstarfsnefndarinnar hafi verið sent í pósti á heimili í báðum sveitarfélögum og muni berast næstu dag til íbúa. Þannig hefur dreifibréfið verið að berast frá 10 dögum til 4 dögum fyrir kosningar. Í auglýsingu í Lögbirtingarblaðinu frá 30. júlí 2025, sem fékkst loksins afhent í dag, kemur fram í lokaorðum: *Við ákvörðun á kjördag hefur þess verið gætt að tillagan verði kynnt íbúum með a.m.k. tuttugu daga yfir eins og áskilið er í 4.m.gr. 119 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.* Það gekk ekki eftir. Ekki fannst auglýsing um tillöguna í fjölmiðli héraðsins, Skessuhorni. Engin auglýsing er heldur inn á vef Borgarbyggðar eða Skorradalshrepps sem líktist auglýsingunni í Lögbirtingarblaðinu. Aðeins auglýsingar um væntanlegar kosningarnar sem birtust 19. ágúst 2025, 16 dögum fyrir upphaf kosninganna. Ætla má að þessi gjörningur hafi haft talsverð áhrif á útslit í Skorradalshreppi, þar sem ekki gafst tilefni til að koma með lagfæringar eða eiga rökræður um kosti og galla sameiningarinnar. Níu dagar með fundinn og dreifibréfin er knappur tími samanborið við þá tuttugu daga sem lög og reglur áskilja. Gerði það að verkum að ekki var hægt að fara yfir galla í kynningunni / álitinu og ekki var tekið á mörgum hagsmunamálum í Skorradalshreppi að mati minnihluta. Einnig gefur þetta tilefni til að álykta sem svo að kenna megí kjörsókn í Borgarbyggð (16%) óviðeigandi vinnubrögðum af hendi samstarfsnefndarinnar.

Í 17.gr um atkvæðagreiðslu vegna sameiningar sveitafélaga í lið b. segir: *sveitastjórn lætur gera atkvæðaseðil til afnota við atkvæðagreiðslu vegna sameiningar sveitafélaga. Form atkvæðaseðils skal staðfest af ráðuneyti sveitastjórnarmála.* Líkt og fram hefur komið þá var gerð atkvæðaseðlana í höndum samstarfsnefndarinnar án heimildar

sveitastjórnanna. Í Skorradalshreppi var atkvæðaseðillinn lagður fram frá sameiginlegri kjörstjórn degi fyrir kosningar þann 4. september s.l. þar sem gerð var athugasemd við seðillinn og hann ekki samþykktur á fundi sveitastjórnar. Kjörseðillinn var ekki lagður fyrir sveitastjórn Borgarbyggðar. Uppsetning atkvæðaseðilsins var óskýr og hefði auðveldlega geta valdið ruglingi.

Við teljum að allt ofantalið færi rök fyrir því að framkvæmd kosninganna fylgdi ekki lagafyrirmælum sem ætla má að hafi haft talsverð áhrif á úrslit kosninganna. Teljum við því þörf á að endurtaka kosninguna og vanda þá frekar til verka.

4. Tilraun til að breyta forsendum kjörskrár og niðurstöðu kosninga í Skorradalshreppi

Þann 16. september 2024 sendir varaoddviti Skorradalshrepps tölvupóst á lögfræðing hjá Þjóðskrá Íslands úr vinnunetfangi sínu sem sviðstjóri Skipulags- og umhverfissviðs, seinna Skipulags- og framkvæmdasviðs Borgarbyggðar.

Í tölvubréfinu segir:

„Ástæðan fyrir því að vilji er til að tilkynna þessa einstaklinga og fá þá skráða út úr sveitarfélaginu er vegna þeirra stöðu að Skorradalshreppur hefur samþykkt að fara í formlegar viðræður við Borgarbyggð og þeir sem eru mest á móti því eru einstaklingarnir sem eru skráðir í sveitarfélagið en búa ekki í því og sækja vinnu og nýta sér þjónustu í því sveitarfélagi sem þeir búa í. Staðan er þannig að einstaklingar sem búa ekki í sveitarfélaginu hafa vald yfir þeim sem búa í sveitarfélaginu varðandi ákvörðunartöku um framtíðina.“

Lögfræðingur hjá Þjóðskrá svarar varaoddvitanum daginn eftir og tveimur dögum síðar var íbúaskrá lögð fyrir fund sveitarstjórnar Skorradalshrepps. Þar var oddvita falið að skoða íbúaskrána og koma með athugasemdir fyrir næsta fund. Það gerði hann hins vegar ekki og sendi oddviti Skorradalshrepps erindi á Þjóðskrá þann 18. nóvember

2024 þar sem hann óskaði eftir því að Þjóðskrá myndi endurskoða lögheimili 32 einstaklinga án vitneskju sveitarstjórnar. Erindi oddvita Skorradalshrepps var eftirfarandi:

„Góðan daginn

Sendi hér lista yfir þá einstaklinga sem okkur þykir rétt að skoða hvort séu með lögheimili sitt skráð á réttum stað. Vinsamlegast óska ég hér með eftir að farið verði yfir málið og ég óska jafnframt eftir flýtimeðferð ef þess er nokkur kostur.

Með fyrir fram þökk

Jón Einarsson

Oddviti Skorradalshrepps“

- Þann 3. febrúar s.l. þá sendi Jón Einarsson eftirfarandi erindi á Þjóðskrá Íslands.

„Sæl verið þið

Mig langar að forvitnast um hvernig vinnu miðar við yfirferð á ólöglegri lögheimili skráningu miðar hjá ykkur þar sem þetta hefur áhrif á sameiningamál og viðræður um sameiningu sveitarfélagsins við Borgarbyggð.?

Með fyrir fram þökk

Jón Einarsson

Oddviti Skorradalshrepps“

Fulltrúi Þjóðskrá svarar þann 4. febrúar s.l.:

„Sæll Jón Eiríkur

Þessi mál eru enn í vinnslu hjá okkur og geta tekið einhvern tíma þar sem margir hafa svarað erindi Þjóðskrár og segjast sannarlega búsettir í sveitarfélaginu. Það er því í skoðun hver næstu skerf verða. Við reynum að hraða þessu eins og kostur er en getum því miður ekki lofað neinu.“

- Jón Einarsson sendi tölvupóst á Þjóðskrá þann 22. maí 2025

“Sæll xxxxx

Ég sendi nú í dag sérvinnslubeiðni vegna nýrrar íbúaskrár fyrir

Skorradalshrepp, er það gert vegna fyrirhugaðra kosninga í haust um sameiningu sveitarfélaga. Fyrir allnokkru sendum við lista yfir íbúa sem við töldum hafa lögheimili hér á fólkskum forsendum og bæri að hafa lögheimili þar sem þeir bjuggju. Hvað heldur þú að sé að fréttu af ykkar vinnu í tengslum við það mál.?

Ef til vill er ég ekki að spyrja réttan aðila, en þú kannski getur vísað mér veginn.

Með fyrir fram þökk

Jón Einarsson

Oddviti Skorradalshrepps"

- Starfsmaður hjá Þjóðskrá svarar Jóni Einarssyni þann 28. maí s.l. og fer yfir hvernig gangi að flytja íbúa úr sveitarfélaginu. Þann 30. júní s.l. svarar Jón Einarsson Þjóðskrá með nýju erindi en nú í nafni meirihluta sveitarstjórnar Skorradalshrepps. Endurupptaka þessa máls frá 19. september 2024 kom ekki á borð sveitastjórnar og minnihluta því ókunnugt um málið.

Í tölvupóstinum stendur m.a.:

„Sæl xxxxx

Það er mat okkar, meirihluta sveitarstjórnar Skorradalshrepps að þessu þurfi að kippa í liðinn og þjóðskrá þurfi að nota þau tæki sem til þurfi til að leiðrétta íbúaskrá sveitarfélagsins ella sé lýðræðinu ógnað. Það er ekki hægt að samþykkja kjörskrá með fólkskum íbúum. Við leggjum því áherslu á að erindi okkar verði tekið upp og unnið í því hið fyrsta.

Með bestu kveðjum

Jón Einarsson

Oddviti Skorradalshrepps"

Í bréfinu sem fylgdi erindinu voru gerðar athugasemdir um 28 íbúa í Skorradalshreppi.

Í bréfinu stendur eftirfarandi frá meirihluta sveitarstjórnar Skorradalshrepps:

„Til upplýsingar fyrir Þjóðskrá Íslands þá eru fyrirhugaðar kosningar á

sameiningu sveitarfélagana Skorradalshrepp og Borgarbyggð.
Kosning um sameiningu sveitarfélagana hefst 5.september og lýkur
19.september. Kjörseðill sem útbúinn er af Þjóðskrá Íslands mun
berast kjörnefnd sameiningar sveitarfélagana 13.ágúst næstkomandi.
Það er ljóst að töluvert er af einstaklingum sem eru ýmist óstaðsettir í
sveitarfélaginu eða hefur skráð lögheimilið sitt í sveitarfélaginu til
þess eins að hafa áhrif á kosningarnar. Líklegt er að einhverjir af
þessum einstaklingum munu skrá sig úr sveitarfélaginu eftir
kosningar. Það er því ljóst að einstaklingar og fjölskyldur þeirra sem
búa í öðrum sveitarfélögum, starfa þar og þiggja þjónustu þar, hafa
kost á því að hafa áhrif á niðurstöður þeirra íbúa sem raunverulega
búa í sveitarfélaginu og þurfa á eðlilegri þjónustu að halda og er það
afleit þróun.“

(ATH! Þarna lá ekki fyrir afgreiðsla eða samþykki kosningadaga hjá
sveitastjórn Skorradalshrepps).

- Þann 7. ágúst s.l. sendir Jón Einarsson eftirfarandi ítrekun á Þjóðskrá
vegna fyrra erindis, en í þetta sinn er undirritun þriggja
sveitastjórnarmanna.

Þar stendur:

„Sæl öll

Ég vil ítreka áður sendan póst nú þegar stutt er til kosninga um
sameiningu sveitarfélaganna Skorradalshrepps og Borgarbyggðar.
Ég hef móttengið samskipti þeirra Óla Rúnars Ástþórssonar og Péturs
Davíðssonar. Ég tel að oddviti sé í fullum rétti að gera þær
athugasemdir sem þegar hafa verið gerðar. Að þeim standa 3. af 5.
Sveitarstjórnarmönnum í Skorradalshrepp og við getum með
auðveldum hætti rökstutt mál okkar. Þarna eru íbúar annara
sveitarfélaga að reyna að hafa áhrif á niðurstöðu kosninga í
Skorradalshrepp. Þess ber að geta að í jafn fámennu sveitarfélagi og
Skorradalshrepp, vegur hvert atkvæði þungt.

Með fyrir fram þökk og kærum kveðjum

Jón Einarsson

Guðný Elíasdóttir

Kristín Jónsdóttir“

Þann 26. ágúst s.l. sendir meirihluti sveitarstjórnar aftur á Þjóðskrá kröfu um að Þjóðskrá taki af kjörskrá nokkra einstaklinga og undir kvittu oddviti og varaoddviti Skorradalshrepps ásamt einum hreppsnefndarmanni. Prem dögum síðar framsendi oddviti Skorradalshrepps eftirfarandi texta frá ráðgjafa KPMG hjá samstarfsnefndinni til Þjóðskrá.

„Aðeins Meira

Kv

Jón

Í ljósi þess hve seint réttmætt kjörskrá er gefin út af Þjóðskrá er hér með lögð áhersla á að Þjóðskrá bregðist hratt við erindum og athugasemdum við kjörskrá vegna íbúakosninga um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps. Þar sem réttmætt kjörskrá var ekki gefin út að Þjóðskrá innan tilskylds tímafrests samkvæmt reglugerð um íbúakosningar hafa sveitarfélögin verulega knappan tíma til þess að gera athugasemdir við kjörskránnar sem og fyrir Þjóðskrá að bregðast við þeim athugasemdum með viðeigandi aðgerðum. Vakin er athygli á því að þær kosningar sem um ræðir hefjast eftir aðeins fjóra virka daga og nú þegar liggja fyrir athugasemdir.

Óskað er eftir viðbrögðum vegna þessa athugasemda sem allra fyrst.

Lilja Ósk Alexandersdóttir

Ráðgjafi

Ráðgjafarsvið KPMG.“

Óskað var eftir afritum af þessum samskiptum og erindum í krafti upplýsingalaga því við í minnihlutanum vorum ekki upplýstir um þessar aðgerðir sem meðlimir sveitastjórnar í Skorradalshreppi en urðum þess áskynja að einhverskonar leynimakk átti sér stað.

Íbúar í Skorradalshreppi voru 79 þann 1. desember 2024 en við gildisdag kjörskrár 14. ágúst 2025 voru þeir 66, samkvæmt vef Þjóðskrár Íslands. Ljóst er að oddviti Skorradalshrepps og meirihluti sveitarstjórnar Skorradalshrepps hafa viðhaft þannig háttsemi, að leita beint til Þjóðskrár án samráðs við sveitarstjórn eða formlegrar afgreiðslu málsins á fundi, en það fer gegn ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sem og samþykktum og siðareglum Skorradalshrepps. Þer hér að nefna að þegar sveitarstjórn hefur tekið mál til umræðu og bókað er í fundargerð að

frekari umfjöllun skuli fara fram á næsta fundi, verður að telja að oddviti sé bundinn af þeirri málsmeðferð og beri að virða hana. Viðhafði oddvitinn því verulega ámælisverða háttsemi með því að fara á bakvið sveitarstjórnina í umrædd sinn enda bar honum skylda til þess að halda áfram með málið í samráði við sveitarstjórnina.

Er því bæði kærð framganga oddvita og meirihlutans í tengslum við ákvæða sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, eins og samþykktu um stjórn og siðareglna Skorradalshrepps og eins kærð lögmæti sameiningarkosningar sbr. 8. gr. 133. gr. sveitarstjórnarkosninganna.

5. Lokaorð

Af öllu framansögðu þá verður að telja að verulegir annmarkar hafi verið á undirbúningi og framkvæmd kosninganna sem höfðu afgerandi áhrif á niðurstöðu þeirra. Samstarfsnefndin tók sér víðtæk ákvörðunar- og framkvæmdarhlutverk án skýrrar heimildar sveitarstjórna þrátt fyrir að slíkar ákvarðanir heyri lögum samkvæmt undir sveitarstjórnir sjálfar. Lögbundnar auglýsingar í fjölmiðlum og heimsíðum sveitarfélaganna hafa misfarist. Þá var ekki tryggt að lögbundinn kynningarfrestur væri virtur þar sem boðað var til eins kynningarfundar með níu daga fyrirvara í stað tuttugu daga líkt og lögin áskilja. Leiddi það til þess að íbúar gátu ekki kynnt sér málefni kosninganna með nægilegum fyrirvara og þar með koma sínum athugasemdum á framfæri. Bendir m.a. afar lág kjörsókn Borgarbyggðar til þess að það hafi haft veruleg áhrif. Þá var form kjörseðils hvorki lagt fyrir ráðuneyti né samþykkt í báðum sveitarstjórnnum, allavega hefur staðfesting ráðuneytisins á kjörseðli ekki verið birt okkur í sveitarstjórn. Eitt stærsta atriðið er að samkvæmt sveitarstjórnarlögum má aðeins kjósa í einn dag í sameiningarkosningum í sveitarfélögum, en ekki yfir ákveðið tímabil. Loks eru það tilraunir meirihluta sveitarstjórnar og oddvita til að hafa áhrif á kjörskrá utan formlegrar málsmeðferðar sem rýra traust á lögmæti kosninganna allverulega.

Með hliðsjón af framangreindu, þ.m.t. mögulegum hæfisannmörkum, frávikum frá stjórnsýslureglum, brotum á skýrum form- og efnisreglum sveitarstjórnarlaga og reglugerðar um íbúakosningar, sem og íhlutun í forsendur kjörskrár, verður ekki annað séð en að annmarkarnir séu svo verulegir og samverkandi að þeir geti hafa haft úrslitaáhrif eða að minnsta kosti raskað kosningunum. Því er þess krafist að niðurstaða kosninganna verði felld úr gildi.

Að lokum minnum við á leiðbeiningaskyldu stjórnvalda sbr. 15. gr.

Upplýsingalaga nr. 140/2012.

Áskiljum okkur jafnframt einnig rétt að koma með viðbótar athugasemdir og/eða skýringar, kærur og gögn.



Pétur Davíðsson, hreppsnefndarmaður



Óli Rúnar Ástþórsson, hreppsnefndarmaður

Meðfylgjandi:

Fylgiskjöl fylgja með í rafrænni zip skrá, flokkað eftir málsliðum 1,2,3 & 4.